

34. fundur fræðslu- og menningarnefndar miðvikudaginn 22. júlí 2009

Fundur settur kl.12.00 í fundarherbergi Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3.

Mættir: Guðni Hauksson, Sólveig Óladóttir, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Soffía Björgvinsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Mirjam Blekkenhorst og Hilma Steinarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Nefndin byrjaði fund á að minnast Arnars Einarssonar sem lést 21. júlí.

1.mál. Umsóknir um starf grunnskólakennara í Grunnskólanum á Þórshöfn. Fimm umsóknir eru komnar og nokkrar fyrirspurnir þar fyrir utan.

Umsækjendur eru: Guðmundur Rúnar Helgason, Hafdís Yurith Ólason, Stefán Jónasson, Ahmed El Bedawey og Haraldur Anton Haraldsson.

Nefndin er sammála um að mæla með Hafdís.

Skólastjóra falið að svara umsækjendum.

2.mál. Erindi frá sveitarstjórn. Boð á norræna ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum sem haldin er á Grand Hótel Reykjavík 21. og 22. september 2009. Ákveðið að senda ekki fulltrúa á þessa ráðstefnu.

3.mál. Erindi frá sveitarstjórn. Erindi um reglur varðandi skólaakstur til kynningar. Ákveðið að sveitarstjóri athugi reglur um merkingu skólabíla.

Önnur mál. Ákveðið að auglýsa áfram eftir grunnskólakennurum.

Fundi slitið kl.13.05